



Félag skipstjórnarmanna

Alþingi

Erindi nr. P 132/1942  
komudagur 28.4.2006

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík 26. apríl 2006.

Efni: Frumvarp til laga um Landhelgisgæslu Íslands, 694.mál.

Félag skipstjórnarmanna og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

3. grein.

Fs. og FFSÍ þykir réttara að tala um lögsagnarumdæmi í stað starfssvæði.

4. grein.

Fs. og FFSÍ leggja til að hér verði bætt við í upptalningu. Framkvæmd, og rekstur vaktstöðvar síglinga.

5. grein.

Falli brott í núverandi mynd.

Fs. og FFSÍ leggst gegn því að sanningsbundin þjónustuverkefni séu talin upp í lögum um Landhelgisgæslu, en mælir með að stofnunin fái almenna heimild til gerðar þjónustusamninga á þeim sviðum sem þurfa þikir.

10 grein.

Fs. og FFSÍ leggja til að aftan við orðin björgun mannlífa, bætist við og verðmæta.

12. grein.

Fs. og FFSÍ leggur til eftirfarandi orðalag í stað þess sem er í frumvarpinu.

Landhelgisgæsla Íslands skal virða þjóðréttarlegar skuldbindingar sem Ísland er bundið af þegar erlend skip eða hafstöðvar eiga í hlut.

13. grein.

Fs. og FFSÍ fagna þeirri löngu tímabæru breytingu að björgunarlaun verði ákvörðuð samkvæmt ákvæðum siglingalaga.

22. grein.

Fs. og FFSÍ hefur fullan skilning á því að þeim sem stunda löggæslustörf sé bönnuð þáttaka í verkfallsaðgerðum, en bendir jafnframt á að m.t.t. þess er nauðsynlegt að tryggja að kjaramálum viðkomandi starfsmanna í kjaradeilu ljúki.

Við leggjum því til að innan ákveðins tíma eftir að kjarasamningar renna út t.d. 3 mánuðir komi til úrskurðar sérstaks gerðadóms, sem verði tryggt í lögum um Landhelgisgæslu.

23. grein.

Fs. og FFSÍ leggja til að til viðbótar því sem þegar er í greininni, komi ákvæði um ábyrgðartryggingu vegna skaðbótaskyldra atburða sem hljótast kunna vegna lögbundinna starfa.

24. grein.

Fs. og FFSÍ leggja til að læknisskoðun fari fram einu sinni á ári, eða oftár ef þurfa þykir, en ekki einungis samkvæmt fyrirmælum yfirmanns ef þurfa þykir eins og fúmvarpið gerir ráð fyrir.

29. grein

Fs. og FFSÍ leggjast eindregið gegn því að unnt sé að hneppa starfsmenn í fangelsi vegna brota á 22. grein.

Fs. og FFSÍ leggja til að í lögum komi ný grein, þar sem stofnuninni er gert skylt að gera kjarasamninga við viðkomandi stéttarfélög starfsmanna.

Virðingarfyllt  
F.h. Félags skipstjórnarmanna og  
Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

  
Guðjón Ármann Einarsson